

Fornleifakönnun vegna ný og endurlagningar Vestfjarðavegar nr. 60

Frá Þverá í Kjálkafirði að Þingmannaá í Vatnsfirði

Unnið fyrir Vegagerðina



Margrét Hallmundsdóttir
Caroline Paulsen

Október 2008
NV nr. 16-08

1. Inngangur	3
2. Markmið og aðferðir	3
4. Skrá yfir fornleifar	4
Brjánslækur	5
Fossá	10
Auðshaugur	13
Auðnar	17
5. Niðurstöður	21
6. Kort	22
7. Heimildaskrá	28

1. INNGANGUR

Fyrirhugað er að hefja vegaframkvæmdir frá Eiði í Vattarfirði að Þingmannaá í Vatnsfirði og að ósk vegagerðarinnar tók Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða að sér að gera fornleifakönnun fyrir svæðið.

Svæðinu var skipt í tvennt, frá Eiði að Þverá í Kjálkarfirði og svo frá Þverá að Þingmannaá í Vatnsfirði. Í þessari skýrslu birtist skrá yfir fornleifar á svæðinu frá Þverá að Þingmannaá og umfjöllun um þær.

Vegstæðið allt fer um lönd jarðanna Brjánslæks, Fossár, Hamars, Auðshaugus og Auðna. Eingöngu er búið á Brjánslæk, Fossá og Auðshaug en aðrar jarðir eru í eyði. Vettvangsvinna fór fram með hléum frá janúar 2008 og fram á vor.

2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 11. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a) búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b) vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c) gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d) gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e) virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f) gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g) áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h) haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i) skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Í 10. grein Þjóðminjalaga segir enn fremur: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). Ef óþekktar fornleifar koma í ljós við jarðrask skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir á staðnum og þar til ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir varðandi hvort eða með hvaða skilyrðum framkvæmdin getur haldið áfram (sjá 13.gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Við vettvangsvinnu var farið yfir svæðið í kringum tilvonandi veglínur í á svæðinu og var tekið fyrir 300 metra svæði út frá veglínunum, þ.e. 150 metra í tvær áttir. Í flestum tilfellum voru minjar sem voru fyrir utan þessa viðmiðun ekki skráðar. Þar af leiðandi voru minjastaðir við bæjarstæði Fjarðar og Brjánslækjar ekki skráðar. Fornleifaskrá fyrir minjastaði í heimildum í landi Brjánslækjar fær þó að fylgja með.

Allir skráðir staðir voru mældir upp með differential gps stöð og einnig voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum minjastað með venjulegu gps mælitæki. Minjastöðunum var lýst og teknar ljósmyndir af hverjum stað.

4. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (d. Brjánslækur: 139787) og hins vegar eins og það kemur fyrir í Jarðatal Johnsens frá 1847 (d. Brjánslækur: 94). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. BS-139787-94:001). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Brjánslækur

BS-139787-94 Brjánslækur

Þar er kirkja, sem jarðareigandi hefur ráð yfir. Jarðardýrleiki xxx" (Á.M.VI.) "Þeir Flóki ætluðu brott um sumarit ok urðu búnir litlu fyrir vetr. [Þar sér enn skálatóft þeira inn frá Br(i)anslæk ok svá hrófit ok svá seyði þeira.] Þeim beit eigi fyrir Reykjanes, ok sleit frá þeim bátinn ok þar á Herjólf." (Ísl.sög.I, bls. 27)

BS-139787-94:001

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Býli

BS-139787-94:002

65°34'14.4N 23°08'24.5V

Heiti: Uppsalar

Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Býli

Staðhættir. "Kippkorn fyrir innan Uppsalaá er eyðikotið Uppsalar." (Örnefnaskrá Brjánslæks). Bæjarstæðið stendur í gróinni hlíð rétt norðaustan við þjóðveginn.

Minjalýsing. Bæjarstæði Uppsala er gróið en þar sést móta fyrir litlum hól, tveim rústum og garði austan við.

BS-139787-94:003

Heiti: Smiðjutóft

Hlutverk: Útihús

Tegund: Smiðja

Staðhættir. "Í Mörkinni undir Hnúkunum er fornt eyðibýli; heitir Smiðjumýrar. Sjást þar fornar tóftir, bæði fjárhúsatóftir og bæjartóftir. Þar eru brokmýrar, sem einnig heita Smiðjumýrar. Úr mýrum þessum rennur lækur í Þingmannaá; heitir Markarlækur. Í honum er silungur. Neðst í Þingmannaá, rétt fyrir ofan flæðarmál, er fljót í ánni; heitir Smiðjufljót. Þar á eyri við fljótið er forn tóft hér um bil 4 metrar á lengd og 2 1/2 metra á breidd innan veggja; heitir Smiðjutóft. Munnmæli segja, að Gestur Oddleifsson hafi haft þar smiðju sína.

BS-139787-94:004

Heiti: Smiðjumýrar

Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Býli

Staðhættir. "Í Mörkinni undir Hnúkunum er fornt eyðibýli; heitir Smiðjumýrar. Sjást þar fornar tóftir, bæði fjárhúsatóftir og bæjartóftir. Þar eru brokmýrar, sem einnig heita Smiðjumýrar. Úr mýrum þessum rennur lækur í Þingmannaá; heitir Markarlækur. Í honum er silungur. Neðst í Þingmannaá, rétt fyrir ofan flæðarmál, er fljót í ánni; heitir Smiðjufljót. Þar á eyri við fljótið er forn tóft hér um bil 4 metrar á lengd og 2 1/2 metra á

breidd innan veggja; heitir Smiðjutóft. Munnmæli segja, að Gestur Oddleifsson hafi haft þar smiðju sína.

BS-139787-94:005

Heiti:

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjánhús

Staðhættir. "Í Mörkinni undir Hnúkunum er fornt eyðibýli; heitir Smiðjumýrar. Sjást þar fornar tóftir, bæði fjárhúsatóftir og bæjartóftir. Þar eru brokmýrar, sem einnig heita Smiðjumýrar. Úr mýrum þessum rennur lækur í Þingmannaá; heitir Markarlækur. Í honum er silungur. Neðst í Þingmannaá, rétt fyrir ofan flæðarmál, er fljót í ánni; heitir Smiðjufljót. Þar á eyri við fljótið er forn tóft hér um bil 4 metrar á lengd og 2 1/2 metra á breidd innan veggja; heitir Smiðjutóft. Munnmæli segja, að Gestur Oddleifsson hafi haft þar smiðju sína.

BS-139787-94:006

Heiti: Breiðavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Samgöngubót

Staðhættir. "Nyrst í Vatnsdalsdrögum norður á öræfum er vað á ánni; heitir Breiðavað. Það vað fóru þingmenn til forna, þegar þeir fóru heiðarveginn Hornatær. Sá vegur lá úr botni Dýrafjarðar (og jafnvel Arnarfjarðar) austur öræfi og ofan Tröllatungur í Vattardaslbotni."

BS-139787-94:007

Heiti: Hella

Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Býli

Staðhættir. "Þar sem Stóragil fellur í Vatnsdalsá eru grösugar eyrar og allt suður að Vatnsdalsvatni; eyrarnar heita Stóragilseyrar. Upp af þeim er stór hvammur, þar sem margir lækir streyma niður stóra berghellu miðhlíðis; hvammurinn heitir Helluhvammur. Hér um slóðir hefir eyðibýlið Helluhvammur verið."

BS-139787-94:008

Heiti: Eiði

Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Býli

Staðhættir. "Við syðri enda Vatnsdalsvatns fyrir vestan ána eru tjarnir; heita Lómatjarnir. Bilið milli tjarnanna og fjarðarbotnsins heitir Eiði. 'A Eiðinu reisti Jón Úlfsson nýbýli og bjó þar í nokkur ár, en síðast árið 1789."

BS-139787-94:009

Heiti: Fossárhálsvað

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Vað

Staðhættir. "Eftir honum rennur Þingmannaá. Neðarlega í henni er Fossárhólsvað."

BS-139787-94:010

Heiti: Sæmundarstekkur

Hlutverk: Rétt

Tegund: Stekkur

Staðhættir. "Þá er Hellutún. Laug. Laut fyrir framan túnið heitir Kýrlág. Helluhólmi. Hellusker. Nokkuð fyrir framan Kýrlág er Sæmundarstekkur."

BS-139787-94:011

Heiti: Stekkur

Hlutverk: Rétt

Tegund: Stekkur

Staðhættir. "Í því er gil, heitir Hrafnagil. Þá er Þverárdalur og Þverá. Heiman til í Þverárdal er Stekkur."

BS-139787-94:012

Heiti: Stekkur

Hlutverk: Rétt

Tegund: Stekkur

Staðhættir. "Þar fyrir utan er djúpur vogur, heitir Þrælavogur. Út og upp af honum er Stekkur og kringum það Stekkjartún. Þar fyrir utan Flókatóftir. Rétt fyrir utan Flókatóftir er Lækjará."

BS-139787-94:013

Heiti: Flókatóftir

Hlutverk:

Tegund: Bæjarstæði

Staðhættir. "Þar fyrir utan er djúpur vogur, heitir Þrælavogur. Út og upp af honum er Stekkur og kringum það Stekkjartún. Þar fyrir utan Flókatóftir. Rétt fyrir utan Flókatóftir er Lækjará."

BS-139787-94:014

Heiti:

Hlutverk: Tóft

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. "Kinn fyrir utan gilin heitir Fagarakinn. Fyrir neðan hana er stór steinn, heitir Stórigrásteinn, þar eru tóftir."

BS-139787-94:015

Heiti: Lækjarkirkja

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Kirkja

Staðhættir. "Þar er Lækjarkirkja og Lækjarkirkjugarður. Inn og niður af Kirkjugarði er Bjarnavöllur."

BS-139787-94:016

Heiti: Moshlíð

Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Bæjarstæði

Staðhættir. "Skammt fyrir utan Kúaklett er Þræltröð. Skammt fyrir utan Kúaklett er Moshlíðará. Hún rennur utanvert við Moshlíðartún."

BS-139787-94:017

Heiti: Fjóslækur

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjós

Staðhættir. "Bólbrekka, Aukatún. Fjóslækur. Hesthúshóll."

BS-139787-94:018

Heiti: Hesthúshóll

Hlutverk: Útihús

Tegund: Hesthús

Staðhættir. "Bólbrekka, Aukatún. Fjóslækur. Hesthúshóll."

BS-139787-94:019

Heiti: Kirkjugarður

Hlutverk: Legstaður

Tegund: Kirkjugarður

Staðhættir. "Þar er Lækjarkirkja og Lækjarkirkjugarður. Inn og niður af Kirkjugarði er Bjarnavöllur."

BS-139787-94:020

Heiti: Grafarkot

Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Bæjarstæði

Staðhættir. "Hjáleigur hafa þar verið í landinu: Grafarkot, fyrir innan ána. Lækjarkot í undirtúninu. Báðar fyrir löngu í eyði. Kunna ei byggjast fyrir utan jarðarinnar skaða, sökum landþrengsla." (Á.M.VI.,bls.270).

BS-139787-94:021

Heiti: Lækjarkot

Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Bæjarstæði

Staðhættir. "Hjáleigur hafa þar verið í landinu: Grafarkot, fyrir innan ána. Lækjarkot í undirtúninu. Báðar fyrir löngu í eyði. Kunna ei byggjast fyrir utan jarðarinnar skaða, sökum landþrengsla." (Á.M.VI.,bls.270).

BS-139787-94:022

65°34'12.2N 23°08'25.2V

Heiti:

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Bæjarstæðið Uppsala stendur í gróinni hlíð rétt norðaustan við þjóðveginn.

Minjalýsing. Lítil rúst stendur um 16 metra vestur af bæjarstæði Uppsala. Rústin er ferhyrnd með aukahólfi norðanmegin. Hleðslur standa að hluta til grónar.

BS-139787-94:023

65°34'12.8N 23°08'21.2V

Heiti:

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjánhús

Staðhættir. Bæjarstæðið Uppsala stendur í gróinni hlíð rétt norðaustan við þjóðveginn.

Minjalýsing. Í u.þ.b. 45 metra suð-suðvestur af bæjarstæðinu er ferhyrnd, tvíhólfa rúst. Vestara hólfið er sýnu stærra og liggur garður eftir því endilöngu. Hleðslur standa að hluta til grónar.

BS-139787-94:024

65°34'12.2N 23°08'25.2V

Heiti:

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Bæjarstæðið Uppsala stendur í gróinni hlíð rétt norðaustan við þjóðveginn.

Minjalýsing. Í u.þ.b. 26 metra suðaustur af bæjarstæði Uppsala er ferhyrnd gróin rúst.

BS-139787-94:025

65°34'13.6N 23°08'28.0V

Heiti:

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Bæjarstæðið Uppsala stendur í gróinni hlíð rétt norðaustan við þjóðveginn.

Minjalýsing. Í u.þ.b. 48 metra vestur af bæjarstæðinu. Gróin þúst og erfitt að átta sig á útiliti rústarinnar.

Fossá

BS- 139798-92 Fossá

“Ok í annat sinn, er hann kemr út, sér hann menn fara, ok eru þar förunautar Barkar átta saman. En Börkr er eftir at Forsá.” (Ísl.sög., V., bls. 69) "Hvilft inn í Hagusfjallið að vestan, austur af Hlíðarhornum og norður af Fossárvötnum heitir Fossárskál. Þar fyrir norðan er Auðnaöxl, og þangað nær Fossárland." "Fyrir ofan Hamarstún er stórgýtishraun; heitir Hamarshraun, meðan það er í Hamarslandi. Mitt á milli Hamars og Fossár fyrir neðan hraunið er klettabelti, sem liggur upp og ofan; heitir Markklettur. Þar eru landamerki milli Hamars og Fossár."(Örnefnaskrá Fossár og Hamars) “Jarðardýrleiki xxiiii.” (Á.M.VI.bindi).

BS- 139798-92:001

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Býli

Staðhættir. “Framhald af Hamarshrauni nær yfir í Fossárland og heitir þar Fossárhraun. Niður og vestur af því er Fossártún, og á því er Fossárbær.” Fossá er sunnan við þjóðveginn. Steinsteipt hús standa á bæjarstæðinu.

Minjalýsing. Ekki sést til neinna fornleifa og eru núverandi íbúðarhús byggð á bæjarstæðinu.

BS- 139798-92:002

Heiti. Vör

Hlutverk: Verstaða

Tegund: Lending

Staðhættir. "Fremst á tanganum er aðallending Fossármanna; heitir Vör. Austan til við tangann er vogur: Fossárvogur. Þar er stundum lent um flóð."

BS- 139798-92:003

Heiti. Marklækur

Hlutverk: Merki

Tegund: Landamerki

Staðhættir. "Milli Marklækjar og Markletts er tungumynduð engjaskák. Var hún lengi deiluefni milli bændanna á Hamri og Haugi og hét Þrætupartur."

BS- 139798-92:004

Heiti. Fossárstekkur

Hlutverk: Rétt

Tegund: Stekkur

Staðhættir. "Fyrir vestan Bóllæk er klettahjalli, sem liggur upp og ofan; heitir Stekkjarholt. Áfast við hjallann að vestan er gamall stekkur; heitir Fossárstekkur."

BS- 139798-92:005

Heiti. Hlað

Hlutverk: Rétt

Tegund: Skilarétt

Staðhættir. "Fyrir vestan Öskjudalsá niðri er melholt: Skeið. Fyrir vestan Skeið tekur við flatlent skóglendi; heitir Miðskógur. Austast í honum og rétt fyrir vestan Skeið er stór gömul fjárrétt heitir Hlað."

BS- 139798-92:006

65°33'00.7N 23°07'57.9V

Heiti. Hörg

Hlutverk: Örnefni

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. "Hörgsness er áður getið. Þar liggur vegurinn yfir lágar klettakleifar, sem heita Hörgsneskleifar. Í kleifum þessum er stakur klettur, einkennilegur, sem Fossármenn kalla nú Hörg, en hét áður Gataklettur." Þegar komið er vestast á Hjarðarnesið, rétt áður en að þjóðvegurinn tekur beygju til norðus, inn í Vatnsfjörð er stór klettur norðan við veginn.

Minjalýsing. Ekki sást til neinna fornminja á staðnum en svæðið er allt lyngi vaxið og erfitt að sjá til minja. Kletturinn Hörg stendur stakur og er náttúrusíði.

BS- 139798-92:007

65°32'59.7N 23°08'07.4V

Heiti. Gíslahellir

Hlutverk: Örnefni

Tegund: Íverustaður

Staðhættir. "Sjávar og Fossármegin við vestasta Kleifarskarðið er Gíslahellir." Þegar komið er vestast á Hjarðarnesið, rétt áður en að þjóðvegurinn tekur beygju til norðus, inn í Vatnsfjörð er Gíslahellir norðan við veginn.

Minjalýsing. Hellirinn hefur nú verið merktur og er göngustígur að honum. Erfitt er að finna hann þar sem að inngangurinn er falinn í lyng og er í raun bara 1 x 1 metra gat í jörðina.

BS- 139798-92:008

Heiti. Hörgsnesvogur

Hlutverk: Verstaða

Tegund: Lending

Staðhættir. "Niður af Hörg er vogur og ágæt lending, heitir Hörgsnesvogur. Öðru megin við vog þennan er malareyri. Á henni voru beitarhús frá Fossá nokkuð fram á síðustu öld."

BS- 139798-92:009

65°32'58.5N 23°08'04.2V

Heiti.

Hlutverk: Útihús

Tegund: Verstaða

Staðhættir. "Niður af Hörg er vogur og ágæt lending, heitir Hörgsnesvogur. Öðru megin við vog þennan er malareyri. Á henni voru beitarhús frá Fossá nokkuð fram á síðustu öld." Sunnan við þjóðveginn er láglandi alveg að fjöru.

Minjalýsing. Undir klettum sem þjóðvegurinn liggur yfir er gróin rúst.

BS- 139798-92:010

Heiti. Fossársel

Hlutverk: Sel

Tegund: Sel

Staðhættir. "Miðja vegu milli Hörgsness og Uppsalaár er stórt rjóður, en þó með töluverðum skógi sem er á framfara stigi. Rjóðrið heitir Stórarjóður. Ofan í það rennur gil; heitir Selgil. Við gilið eru seltóftir; heita Fossársel." "Fossársel eða Sel var inn í Vatnsfirði, um 1 km fyrir innan Hörgsnes, rétt innan við innri Spillinn. Selið var u.þ.b. 100 m suður frá Stórarjóðri, alveg við sjó. Rústirnar voru orðnar grónar. Nú hafa þær verið teknar í veginn." Ekki sást til fornleifa og líklegt að selið sé horfið undir veg.

BS- 139798-92:011

Heiti. Suðurhamar (Hamar)

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Bæjarstæði

Staðhættir. "Austast og efst á Hamarstúni er slétt flöt; heitir Fótur. Vestan til við Hamarstún er flöt vallendisskák; heitir Undirtún." Í u.þ.b. 600 metra suðaustur af bæjarstæði Fossár eru sléttuð tún.

Minjalýsing. Sléttað hefur verið yfir bæjarstæði Hamars og ekki sést til neinna fornminja.

BS- 139798-92:012

Heiti. Hamarstekkur

Hlutverk: Rétt

Tegund: Stekkur

Staðhættir. "Fyrir vestan Ytra Markhvolf er hryggur, heitir Miðhryggur. Skammt fyrir vestan hann er lágur og breiður hryggur; heitir Bæjarhryggur. Vestan til á honum er gamall stekkur; heitir Hamarsstekkur."

Auðshaugur

BS- 139779-90 Auðshaugur

“Nú leitar hann ráðs ok ferr ofan til sjávarins ok kemst þar inn með flæðarbökkum til Haugs í myrkrinu ok hittir bónda einn, er Refr hét sonr Þorsteins rannstafs, ok var hann allra manna slægastr.” (Ísl.sög.V.bls.68)"Fyrir austan Hjarðarnes skerst Kjálkarfjörður í norður milli þess að vestan og Litlanness að austan. Skammt út frá botni Kjálkarfjarðar að austanverðu fellur á til sævar, er Skiptá heitir. Hún skiptir löndum milli Litlanness í Múlahreppi og Auðshaus í Barðastarandahreppi og er því eystri takmörk Barðastrandahrepps og Vestur-Barðastrandasýslu""Jarðardýrleiki xxiiii. Jarðareigandi Málfríður Árnadóttir að Hólí í Bíldudal. Ábúandinn Gunnar Jónsson." (Á.M.VI.bls267)

BS- 139779-90:001

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Býli

Staðhættir. "Fyrir utan Haugsá er Auðhaugstún og Auðhaugsbær. En býli þetta er tíðum nefndur aðeins styttra nafninu Haugur."

BS- 139779-90:002

Heiti. Búðarhólmi

Hlutverk: Verstaða

Tegund: Verbúð

Staðhættir. "Fram af Torfnesi eru lágir og flatir grashólmar; heita Torfneshólmar. Fram af þeim er hættulegt flæðisker; heitir Torfnesspillir. Góðan kipp suðvestur af honum er varphólmi; heitir Búðarhólmi. Í honum eru mjög gamlar tóftir, sem bóndinn á Haugi, Sigurður Pálsson heldur að séu verbúðartóftir, því að þaðan hafi verið róið til fiskjar eftir gömlum munnmælum."

BS- 139779-90:003

Heiti. Seltóftir

Hlutverk: Sel

Tegund: Sel

Staðhættir. ""Út og niður af Bing er mýri: Seljamýri. Niður af henni gengur tangi fram í fjörðinn: heitir Seljatangi. Þar eru Seltóftir."

BS- 139779-90:004

65°35'47.2N 22°57'31.8V

Heiti. Haugssel

Hlutverk: Sel

Tegund: Sel

Staðhættir. "Neðst við sjóinn innan til við Þverá er sel; heitir Haugssel. Þar var haft veið fé frá Haugi haust og vor fram undir síðustu aldamót." Vestanmegin í Kjálkarfirði er lítið grösugt nes norðanmegin við Þverá.

Minjalýsing. Gróin rúst stendur rétt við þjóðveginn. Rústin er gróin og sjást greinilega tvö hólf.

BS- 139779-90:005

Heiti.

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Leið

Staðhættir. "Austnorður af Þverdalsvatni er hæð; heitir Vatnshæð. Fyrir norðan hana liggur Þingmannaheiðarvegurinn vestur í Þingmannadalsbotn."

BS- 139779-90:006

Heiti. Hlaðhóll

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Staðhættir "Austanvert við Hlaðskarð er Hlaðhóll. Það er hár malarhóll, 62 metra yfir sjó. Á honum er ævargömul varða."

BS- 139779-90:007

Heiti. Hlaðstekkur

Hlutverk: Rétt

Tegund: Stekkur

Staðhættir "Fyrir utan Hlaðhól er djúpur grashvammur. Í honum er stekkur, sem heitir Hlaðstekkur."

BS- 139779-90:008

Heiti. Írskilækur

Hlutverk: Þjóðsaga

Tegund: Óþekkt

Staðhættir "Spölkorn fyrir utan Stóruskriðu rennur uppsprettulækur til sjávar, heitir Írskilækur. Gömul munnmæli herma, að eitt sinn hafi írskir farmenn átt búðir í Búðarhólma og hafst þar við. (Sennilega sama og nr. 002)"

BS- 139779-90:009

65°32'37.2N 23°00'40.0V

Heiti. Hagagarður

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Vörslugarður

Staðhættir "Spölkorn fyrir utan Írskalæk gengur klettabelti frá fjallsrótum fram að sjó; heitir skörð. Á þeim er hagagarður frá fjalli til fjöru." Í u.þ.b. 600 metra svo til vestur af Haugi er grjótgarður, sem nær frá þjóðvegi upp fjallshlíðina.

Minjalýsing. Grjótgarður, syðri endi hans hefur skemmst þegar að þjóðvegurinn var lagður.

BS- 139779-90:010

Heiti. Hesthústún

Hlutverk: Útihús

Tegund: Hesthús

Staðhættir "En áður var túnblettur fyrir innan ána og hét Hesthústún. Fyrir utan Haugsá er Auðhaugstún og Auðhaugsbær. En býli þetta er tíðum nefndur aðeins styttra nafninu Haugur."

BS- 139779-90:011

Heiti. Bænhústóft

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Bænhús

Staðhættir "Niður af Litlutröð er dálítill flöt; heitir Bænhúsflöt. Á henni er gömul tóft, heitir Bænhústóft."

BS- 139779-90:012

Heiti. Auðshaugur

Hlutverk: Þjóðsaga

Tegund: Legstaður

Staðhættir "Fram úr Haugstúni og fram í sjóinn gengur hár og hrikalegur höfði; heitir Hagushöfði. Þar sem hann er hæstur, er hringmynduð ævagömul tóft eða önnur mannvirki. Þessi hluti höfðans heitir Auðshaugur, og dregur bærinn nafn af honum."

BS- 139779-90:013

65°35'47.7N 22°57'26.8V

Heiti.

Hlutverk: Rétt

Tegund: Óþekkt

Staðhættir Vestanmegin í Kjálkarfirði er lítið grösugt nes norðanmegin við Þverá. Rétt austan við Haugssel.

Minjalýsing. Sporöskjulaga grjóthlaðin rétt.

BS-139779-90:014

65°36'04.5N 22°57'22.8V

Heiti.

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Staðhættir Rétt áður en að komið er að Þverá. Á klettum austan við Þjóðveginn.

Minjalýsing. Varðan stendur um 1 x 1 meter og 1.50 á hæð og er grjóthlaðin.

BS-139779-90:015

65°35'00.7N 22°58'10.9V

Heiti.

Hlutverk: Sel

Tegund: Sel

Staðhættir Norðan við Barká u.þ.b. 300 metra vestur af Þjóðveginum. Svæðið er gróið lágvöxnum kjarrgróðri. Ein rúst er greinileg en líklegt er að aðrar leynist undir kjarrgróðrinum.

Minjalýsing. Sú rúst sem er greinileg er grasi vaxin og hleðslur standa í um eins meter hæð. Rústin er ferhyrnd en syðsti veggurinn er bogadregin nyrst.

BS- 139779-90:016

65°33'47.7N 22°58'26.7V

Heiti.

Hlutverk: Sel

Tegund: Sel

Staðhættir Í u.þ.b. 2,5 km norður af Auðshaugi eru tveir minjastaðir rétt austan við núverandi Þjóðveg Fyrri staðurinn er í miðri mýri sem sennilega hefur myndast eftir að Þjóðvegurinn var gerður. Seinni er rétt norðan við no 016 og stendur undir hól.

Minjalýsing. Óreglulegt stórt minjasvæði og ekki sést greinilega móta fyrir herbergjum. Svæðið er mjög þýft en greinilega leifar bygginga.

BS-139779-90:017

65°33'50.7N 22°58'23.2V

Heiti.

Hlutverk: Sel

Tegund: Sel

Staðhættir Í u.þ.b. 2,5 km norður af Auðshaugi eru tveir minjastaðir rétt austan við núverandi Þjóðveg Fyrri staðurinn er í miðri mýri sem sennilega hefur myndast eftir að Þjóðvegurinn var gerður. Seinni er rétt norðan við 016 og stendur undir hól.

Minjalýsing. Óreglulegt stórt minjasvæði og ekki sést greinilega móta fyrir herbergjum. Svæðið er mjög þýft en er greinilega leifar bygginga.

Auðnar

BS- 181522-89 Auðnar

"Jarðardýrleiki vi. Jarðeigendur: Að hálfri Þórður Jónsson í Laugardal, að hálfri Bjarni Jónsson í Kollsvík. Ábúandinn Bjarni Ólafsson." (Á.M.VI.bl.266)

BS- 181522-89:001

65°34'25.4N 22°58'02.4V

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Býli

Staðhættir. "Beint upp af gamla Auðnabænum er malarhóll utan túns; heitir Bæjarhóll. Beint upp af Bæjarhól eru vallendismóar upp undir hjalla. Þar var stekkur:" Bæjar og túnstæði Auðna standa austan við þjóðveginn undir klettabelti. Túnstæðinu hallar í átt til sjávar.

Minjalýsing. Síðustu bæjarhúsin standa á litlum hól. Greinilega sést móta fyrir litlum gangnabæ og samanstandur hann af 5 hólum.

BS- 181522-89:002

Heiti. Vörður

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Varða

Staðhættir. "Kippkorn fyrir utan Stórahrygg út með hlíðinni er holt eða leiti: heitir Vörður."

BS- 181522-89:003

Heiti. Kvíarhóll

Hlutverk: Rétt

Tegund: Kví

Staðhættir. "Á Bæjargilsprominni að innanverðu er barð; heitir Kvíarhóll."

BS- 181522-89:004

Heiti. Hesthústún

Hlutverk: Útihús

Tegund: Hesthús

Staðhættir. "Aðaltúnið á Auðnum var fyrir utan Bæjargil, en dálítill túnblettur var til forna fyrir innan það og hét Hesthústún"

BS- 181522-89:005

Heiti.

Hlutverk: Rétt

Tegund: Stekkur

Staðhættir. "Beint upp af gamla Auðnabænum er malarhóll utan túns; heitir Bæjarhóll. Beint upp af Bæjarhól eru vallendismóar upp undir hjalla. Þar var stekkur."

BS- 181522-89:006

Heiti. Auðnalending

Hlutverk: Verstaða

Tegund: Lending

Staðhættir. "Inn og niður af Auðnatúni er djúpur vogur. Við hann eru tveir þangsteinar. Sá sem er nær landi heitir Sjávarfallssteinn. Þegar hann er að fara í kaf, flýtur upp í Auðnalendingu."

BS- 181522-89:007

65°34'24.9N 22°58'06.5V

Heiti.

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Í u.þ.b. 44 metra vestur af bæjarstæði Auðna, upp á klettabeltinu fyrir ofan.

Minjalýsing. Sporöskjulaga útlött rúst, gróin.

BS- 181522-89:008

65°34'26.0N 22°58'01.6V

Heiti.

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Rúst stendur rétt um 7 metra norðan við bæjarstæðið. Rétt við ána.

Minjalýsing. Grjóthlaðin, ferhyrnd rúst með inngang sunnanmegin.

BS- 181522-89:009

65°34'26.0N 22°58'01.6V

Heiti.

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Rústin stendur norðan bæjarstæðisins, norðan við bæjarlækinn.

Minjalýsing. Grjóthlaðið tvíhólfa útihús og standa hleðslur grónar.

BS- 181522-89:010

65°34'27.0N 22°58'01.3V

Heiti.

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Í u.þ.b. 70 metra fjarlægð frá bæjarstæðinu, norðan bæjarlækjarins.

Minjalýsing. Tvær rústir standa saman önnur er með þrjú hólf en hin er sennilega leifar af garði.

BS- 181522-89:011

65°34'28.4N 22°58'00.1V

Heiti.

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Túngarður

Staðhættir. Í u.þ.b. 120 metra norðvestur af bæjarstæðinu. Á bökkum fyrir ofan fjöru.

Minjalýsing. Túngarðurinn er gróinn og liggur nokkurn vegin í austur/vestur. Eystri endi hans tengist rústum númer.12.

BS- 181522-89:012

65°34'26.8N 22°57'51.8V

Heiti.

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Í u.þ.b. 120 metra norðvestur af bæjarstæðinu. Á bökkum fyrir ofan fjöru.

Minjalýsing. Rústin samanstendur af einni greinilegri rúst með einhverskonar garðlög sjávarmegin.

BS- 181522-89:013

65°34'24.0N 22°57'53.2V

Heiti.

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Í u.þ.b. 100 metra suðvestur af bænum. Rústin stendur á hól og rennur lækur sunnan hennar.

Minjalýsing. Rústin er með tvö hólf, veggir eru grjóthlaðnir og standa grónir.

BS- 181522-89:014

65°34'22.2N 22°57'47.4V

Heiti.

Hlutverk: Verstaða

Tegund: Naust

Staðhættir. Í u.þ.b. 202 metra frá bæjarstæðinu, suðvestur af bænum niður í fjöru.

Minjalýsing. Tvær rústir standa með 7 metra millibili og er önnur greinilega leifar af nausti.

BS- 181522-89:015

65°34'23.2N 22°57'58.5V

Heiti.

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjánhús

Staðhættir. Sunnarlega í gamla túnstæðinu, u.þ.b. 65 metra suður af bæjarstæðinu.

Minjalýsing. Rústin er með þrjú hólf, fjánhús, hlöðu og hesthús. Hleðslur standa grónar.

BS- 181522-89:016

65°34'22.6N 22°57'59.3V

Heiti.

Hlutverk: Tóft

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Rétt sunnan við minjastað nr. 15 Gróið svæði og sést ógreinilega móta fyrir tóftinni.

Minjalýsing. Tóftin er gróin og útlött og ekki hægt að gera sér grein fyrir útliti.

BS- 181522-89:017

65°34'22.3N 22°58'02.6V

Heiti.

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjánhús

Staðhættir. Beint suður af bænum, um 80 metra. Rústin stendur á litlum hól norðan við læk.

Minjalýsing. Rústin samanstendur af fjárhúsi og hlöðu. Hleðslur standa grónar.

BS- 181522-89:018

65°34'22.5N 22°58'02.1V

Heiti.

Hlutverk: Tóft

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Þýft svæði sunnan við bæjarstaðið og rétt norðan við nr. 17.

Minjalýsing. Þýfður hól og mótar ógreinilega fyrir rústum.

BS- 181522-89:019

65°34'23.3N 22°58'03.7V

Heiti.

Hlutverk: Tóft

Tegund: Óþekkt

Staðhættir. Þýft svæði sunnan við bæjarstaðið og rétt norðan við nr. 17.

Minjalýsing. Þýfður hól og mótar ógreinilega fyrir rústum.

5. NIÐURSTÖÐUR

Við heimildakönnun fundust 53 minjastaðir á svæðinu frá Þverá að Þingmannaá og við vettvangsvinnu fundust 19 staðir til viðbótar, þ.e. 36% aukning á minjastöðum.


Á svæðinu frá Þverá að Þingmannaá voru áður 5 bæir í byggð (kort 1), Auðnar, Auðshaugur, Hamar, Fossá og Uppsalar. Allir bæirnir eru komnir í eyði fyrir utan Fossá og Auðshaug.

Svæðið milli Kjálkafjarðar og Vatnsfjarðar er frekar hrjóstrugt og ekki vel til landbúnaðar fallið. Byggð á svæðinu hefur þróast á þeim stöðum þar sem ræktunarskilyrði eru góð en á milli bæjarstæðanna eru stór óbyggð, hrjóstrugt svæði. Af þessum sökum er helst að finna minjastaði í nágrenni bæjarstæða og í einstaka tilfellum á grösugum nesjum og eyrum.


Í landi Uppsala voru skráðir 5 minjastaðir (kort 2) og eru þeir allir fyrir utan vegstæðið. Í landi Fossár voru skráðir 3 minjastaðir við vegstæðið (kort 3). Einn af þessum stöðum (139798-92:006) er örnefni og var tekinn með þar sem að örnefnið, þ.e. Hörg, bendir til heiðins átrúnaðar. Þó bentu heimildir til að örnefnið væri nýtt og staðurinn hefði áður borið annað nafn (Örnefnaskrá Fossár og Hamars). Einn minjastaður (139798-92:009) á þessu svæði er um 18 metra frá miðlínu vegar. Aðrir minjastaðir í landi Fossár voru það langt fyrir utan framkvæmdarsvæðið að þeir voru ekki skráðir. Enga minjar voru skráðar í landi Hamars þar sem að sléttað hefur verið yfir bæjarstæðið og ekki hægt að staðsetja minjastaði. Heimildir bentu til þess að bæjarstæðið sé fyrir utan veglínu en mikilvægt er að fara með gát á þessu svæði þar sem að fornminja gætu komið í ljós við rask. Bæjarstæði Auðshaugs eru vel fyrir utan veglínu og aðeins einn minjastaður (139779-90:009) er við veglínu (kort 4). Á korti 5 má sjá minjar í landi Auðshaugs nálægt bæjarstæði Auðnar. Fjallað er nánar um þessar minjar í skýrslu Margrétar Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen (2008). Bæjarstæði Auðna er einnig vel fyrir utan veglínu (kort 6).

Frá Þverá að Þingmannaá í Vatnsfirði eru engir minjastaðir sem eru í beinni hættu vegna vegaframkvæmdanna en nokkrir staðir eru nálægt veglínu og á þeim stöðum þarf að fara með gát við framkvæmdir.

6. KORT



Kort 1. Bæir á skráningarsvæðinu.



Kort 2. Minjastaðir við Uppsali í Vatnsfirði.



Kort 3. Minjastaðir á Hjarðanesi í landi Fossár.



Kort 4. Minjastaðir í landi Auðshaugs.



Kort 5. Minjastaðir norðan Auðshaugs.



Kort 6. Minjastaðir í landi Auðna.

7. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VI. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1984.

Diplomatarium Islandicum, Íslenzkt fornbréfasafn. I-IX. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1906-13.

Íslendinga sögur I., Landnámabók, Guðni Jónson ritstjóri, 12 bindi, bindi I, Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan, 1981.

Íslendinga sögur V., Gísla saga Súrssonar, Guðni Jónsson ritstjóri, 12 bindi, V, Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan, 1981.

J. Johnsen, *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847.

Kjartan Ólafsson, *Vestfjarðarit I, Firðir og fólk 900 – 1900, Vestur-Ísfjarðarsýsla, Búnaðarsamband Vestfjarða* 1999.

Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. Fornleifakönnun vegna ný og endurlagningar Vestfjarðavegar nr. 60. Frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 15-08, 2008.

Sigurður Vigfússon, "Rannsókn um Vestfirði, einkannalega í samanburði við Gísla sögu Súrssonar." *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1883*, Reykjavík 1980.

Sigurður Vigfússon, "Rannsókn á Vestfjörðum 1888," *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-1892*, Reykjavík 1980.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandasýsla. Samband vestfirzkra áttthagafélaga. Reykjavík, 1952.

Þjóðminjalög nr. 107, 31. maí 2001.

Óprentaðar Heimildir

Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Auðshaugs og Auðna

Örnefnaskrá Brjánslæks

Örnefnaskrá Fossár og Hamars